

Föstudaginn 22. maí 1964.

Nr. 8/1963. **Laugavegur 105 h/f**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Gísla Gíslasyni (Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theodór B. Líndal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. janúar 1963. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Sigurður Hallvarðsson húsvörður og Svanur Skæringsson pípulagningameistari eru sammála um, að þeir hafi orðið samferða brott af vinnustað á 4. hæð hússins nr. 105 við Laugaveg, þegar vinnu pípulagningamanna lauk þar laugardaginn 15. marz 1958. Kveður Sigurður, að pípulagningamennirnir hafi áður um daginn „sett texplötu ofan á vaskinn, svo að mulningur félli ekki ofan í hann“. En þegar hann kom á staðinn daginn eftir til að athuga vatnsrennslið, „hafi texplatan verið sporðreist og mikill mulningur í vaskinum, svo að hann var stíflaður, og rann vatnið viðstöðulaust úr kalda krananum“. Telja verður, að bæði pípulagningameistarinn og húsvörðurinn hafi sýnt af sér vangæzlu í starfi með þeim viðskilnaði á vinnustað, sem hér var getið, og má rekja tjón stefnda til þeirrar háttsemi þeirra, jafnvel þó að fleiri orsökum hefði verið til að dreifa. Og þar sem húsvörðurinn var starfsmaður áfrýjanda, ber áfrýjandi fébótaábyrgð á tjóninu. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Laugavegur 105 h/f, greiði stefnda, Gísla Gíslasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. október 1962, hefur Gísli Gíslason, Flókagötu 23, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26/2 1959, gegn húseigninni Laugavegur 105 h/f, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 8.104.00, með 6% ársvöxtum frá 1/1 1959 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á dómkröfum stefnanda.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að sunnudaginn 16. marz 1958 hafi þess orðið vart í húseigninni nr. 114 við Hverfisgötu hér í borg, sem sé eign stefnanda, að vatn hafi seytlað gegnum brunagafl á austurhluta hússins og inn í íbúðir þess. Við eftirgrennslan hafi komið í ljós, að vatn þetta hafi komið frá húsinu nr. 105 við Laugaveg, sem sé eign stefnda, og muni það hafa orsakast af því, að á 4. hæð þess húss hafi vatn bunað úr tveimur krönum í stíflaða vaska. Hafi vatnið síðan brotizt í gegnum vesturgafl þess húss, sem liggur þétt að brunagafl hússins nr. 114 við Hverfisgötu.

Þegar bilið milli brunagaflanna hafi verið orðið fullt, hafi vatnið brotizt í gegnum brunagafl hússins nr. 114 við Hverfisgötu og inn í íbúðir þar. Allmikið tjón hafi orðið í íbúðum hússins, dúkar hafi losnað af gólfum, málning í lofti orðið fyrir skemmdum og raflagnir eyðilagzt að nokkru leyti.

Í beiðni um útnefningu matsmanna hefur stefnandi haldið því fram, að tjón þetta muni hafa orsakast af því, að iðnaðarmenn, sem voru að vinna í húsinu nr. 105 við Laugaveg laugardaginn 15. marz 1958, eða aðrir, sem um það hús gengu, hafi gleymt að skrífa fyrir kranana, sem fyrr er frá skýrt.

Samkvæmt beiðni stefnanda voru dómkvaddir 2 matsmenn hinn 9/4 1958, þeir Einar B. Kristjánsson húsasmíðameistari og Ólafur Ólafsson veggfóðrarameistari, til að meta til fjár, hvað kosta myndi að gera við skemmdir, sem urðu þann 16. marz 1958 í húseign stefnanda að Hverfisgötu 114 af völdum vatns, sem komið hafi inn í húsið frá húseigninni nr. 105 við Laugaveg.

Matsmennirnir skiluðu matsgerð, dagsettri 30/4 1958.

Í matsgerðinni segir, að vatn hafi komið inn um brandvegg, sem áfastur sé við húseignina nr. 105 við Laugaveg, og það svo mikið og víða, að dúkur á gólfum í þremur herbergjum hafi losnað og skemmt, einnig lítils háttar í rishæð. Málning hafi einnig skemmt á tveimur herbergjum svo mikið, að þau verði að málást upp, veggir og loft í öðru, en aðeins veggir í hinu. Raflögn í tveimur herbergjum hafi skemmt, svo draga verði víra úr og setja nýja í staðinn samkvæmt mælingu Rafmagnsveitu Reykjavíkur, dagsettri 19. marz 1958. Matsmennirnir meta tjón vegna framangreindra skemmda á kr. 5.104.00.

Matsmennirnir hafa báðir komið fyrir dóm og staðfest matið.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Tjón vegna skemmda samkvæmt mati kr. 5.104.00
2. Bætur fyrir óþægindi — 3.000.00

Samtals kr. 8.104.00

Stefndi heldur því fram sýknukröfu sinni til stuðnings, að brotist hafi verið inn í læst húsnæði, sem hafi staðið autt og óleigt í húsinu nr. 105 við Laugaveg um þessar mundir, og þeir, sem það gerðu, hafi skrúfað frá vatninu. Lögreglunni hafi ekki tekist að upplýsa, hverjir það gerðu, og beri stefnandi því enga ábyrgð á tjóni, sem innbrotspjófar hafi valdið. Til vara hefur stefndi mótmælt kröfum stefnanda sem of háum og krafist lækkunar á þeim.

Stefnandi málsins hefur komið fyrir dóm og skýrt þar svo frá, að leigjandi hans á Hverfisgötu 114 hafi tilkynnt honum vatnsrennslið. Hafi stefnandi þá brugðið við og verið kominn á staðinn kl. 4.30 sunnudaginn 16. marz 1958. Hafi hann þá haft samband við Jón Sveinsson, formann stjórnar stefnda. Hafi þeir tekið stiga og skyggnzt inn á 3. hæð hússins nr. 105 við Laugaveg og séð, að vatn streymdi gegnum loftið ofan af 4. hæð. Jón Sveinsson hafi ekki haft lykla og heldur ekki haft tíma til að ná í húsvörðinn, sem bjó inni í smáfbúðahverfi.

Stefnandi hafi því sótt húsvörðinn, og hafi þeir farið inn á 4. hæð, en þar hafi vatn runnið úr tveimur krönum í þvottaskál, sem hafi verið stífluð með sandi og möl, sem sýnilega hafi fallið í hana við það, að rauf eða gat hafi verið höggvið á loftið fyrir ofan vaskinn, en þvottaskálin hafi verið full af þessum mulningi, og vatnið flætt út úr henni, þegar búið hafi verið að skrúfa fyrir kranana.

Stefnandi skýrir svo frá, að húsvörðurinn hafi opnað ganginn að 3. og 4. hæð með lyklum, en ekki hafi verið þess nein ummerki, að brotitzt hafi verið inn á 4. hæðina. Gluggar hafi verið heilir og hurðin lokuð, en nokkuð hafi séð á öllum körmum í húsinu.

Stefnandi kveðst síðan hafa hringt á lögregluna til að sýna henni vegsummerki.

Vitnið Svanur Skæringsson pípulagningarmeistari skýrir svo frá, að hann hafi verið að vinna við húsið nr. 105 við Lauga-veg laugardaginn 15. marz 1958, bæði fyrir og eftir hádegi, ásamt tveimur starfsmönnum sínum, Jóni Gíslasyni og Guðmundi Hermannssyni, og auk þess hafi húsvörðurinn, Sigurður Hallvarðsson, einnig mætt á staðnum eftir hádegið og verið þar, bæði þegar verkið hófst og eins þegar því lauk og auk þess eitthvað þar á milli. Skömmu eftir hádegið hafi verið tekin sundur vatnsleiðsla í salerni á 4. hæð, settur tappi í og vatninu hleypt á aftur, en síðari hluta dagsins hafi þeir unnið við að rífa niður miðstöðvarrör á 4. hæð, þar sem vatnið rann síðan út um. Um kvöldið, þegar vinnu lauk, hafi þeir yfirgefið 4. hæðina, eftir að búið hafi verið að aðgæta sérstaklega, að allt hafi verið í lagi.

Daginn eftir hafi hann verið kallaður á staðinn, og hafi Guðmundur Hermannsson verið með honum. Kveðst vitnið þá hafa veitt því athygli, að smekklás, sem hafi verið á innri hurðinni á 4. hæð daginn áður, hafi verið rifinn af ásamt stykki úr hurðinni, og hafi smekklásinn ásamt brennivínsflösku og sítronflösku legið á gólfinu. Hafi hann þá sent Guðmund Hermannsson og látið hann hringja á lögregluna. Tveir lögreglumenn hafi komið, og hafi hann bent þeim sérstaklega á smekklásinn og flöskurnar.

Vitnið Sigurður Hallvarðsson húsvörður hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi sótt hann umræddan dag. Hafi hann, þ. e. Sigurður, opnað útidyr hússins með lykli. Hafi þeir síðan gengið upp á 4. hæð og opnað ytri hurð þeirrar hæðar með smekklás-

lykli, og hafi þeir síðan átt greiðan inngang að vaskinum, vegna þess að innri hurðin hafi verið opin og búið að sprengja smekklásinn af henni. Vitnið skýrir einnig svo frá, að daginn áður hafi pípulagningamenn unnið að því að breyta miðstöðvarlögn á 5. hæð, og hafi þeir af þeim sökum þurft að brjóta gat fyrir ofan vaskinn og sett texplötu ofan á hann, til þess að mulningur félli ekki niður í vaskinn. Þegar vitnið hafi komið ásamt stefnanda á staðinn, hafi texplatan verið sporðreist og mikill mulningur í vaskinum, svo að hann var stíflaður, en vatn hafi runnið viðstöðulaust úr kalda krananum.

Vitnið kveður Svan Skæringsson hafa bent því á, að smekkláslykillinn hafi verið rifinn af hurðinni, og hafi vitnið séð smekklásinn liggja á gólfinu auk tómrar áfengisflösku. Vitnið skýrir enn fremur frá því, að það hafi komið á staðinn fyrir hádegi daginn áður og skrúfað fyrir aðrennsli að umræddum krana með því að skrúfa fyrir krana í kjallara, en skömmu síðar hafi það skrúfað frá þeim krana aftur. Vitnið kveðst hafa orðið samferða pípulagningamönnunum út úr húsinu, þegar þeir hættu vinnu, og hafi þá hurðum verið skellt, en ekki fylgdist vitnið með því, hve fast þær lokuðust.

Vitnið Guðmundur Jóhannsson lögregluþjónn skýrir svo frá, að hann hafi verið sendur frá lögreglustöðinni milli kl. 7 og 8 um kvöldið 16. marz 1958 til að athuga verksummerki í húsinu nr. 114 við Hverfisgötu og Laugavegi 105, en með honum hafi verið Torfi Jónsson lögreglumaður. Vitnið kveðst hafa farið undir leiðsögn stefnanda og annars manns, sem hann taldi vera húsvörð á Laugavegi 105, í það hús og á 3. eða 4. hæð, að því er vitnið minnir, og hafi þar þá allt verið flæðandi í vatni, en ekki hafi verið minnzt á hvorki af húsverðinum né öðrum, að brotízt hafi verið inn, og ekki minnst vitnið að hafa séð þess nein merki.

Vitnið Torfi Jónsson, sem fór á staðinn með framangreindum lögregluþjóni, skýrir svo frá, að þeir hafi farið ásamt eiganda Hverfisgötu 114 inn í herbergi eða lítinn sal að Laugavegi 105 á 3. eða 4. hæð, og hafi gólfíð verið á floti í vatni, en ekki hafi verið minnzt á það við lögreglumennina, að brotízt hafði verið inn í umrætt húsnæði, og ekki minnst vitnið að hafa séð þess nokkur merki.

Lagt hefur verið fram í málinu dskj. nr. 8, skýrsla rannsóknar-lögreglunnar í Reykjavík.

Í skýrslunni segir, að sunnudaginn 16/3 1958 hafi verið hringt

á lögreglustöðina frá Hverfisgötu 114 og lögreglan beðin að koma þangað. Lögregluþjónn sá, er sinnti kallinu, skýrir svo frá í skýrslunni, að hann hafi farið þangað ásamt lögregluþjóni nr. 54. Á fjórðu hæð hússins hafi verið sprengd upp hurð og farið inn í mannlausan sal. Þar hafi verið skrúfað frá vatns-hana og vatnið látið renna niður, en niðurfallið ekki tekið við öllu vatninu, svo mjög mikið hafi farið á gólfið. Þarna hafi 3 menn verið að þurrka vatnið af gólfinu, og hafi þeir haldið, að vatn hafi komizt inn í næsta hús og næstu hæð fyrir neðan.

Ekki hafa lögregluþjónar þeir, er í skýrslu þessari greinir, komið fyrir dóm í málinu þrátt fyrir gagnaöflunarúrskurð þess efnis. Þá hefur skýrslunni verið mótmælt af hálfu stefnanda.

Ágreiningslaust er, að skemmdirnar á íbúð stefnanda urðu af völdum vatns, sem flæddi út úr þvottaskál í húseign stefnda nr. 105 við Laugaveg. Með tilliti til framburða vitnanna, sem raktir hafa verið hér að framan, verður ekki talið, að stefndi hafi fært rök fyrir þeirri staðhæfingu sinni, að innbrotspjófar hafi skrúfað frá vatninu.

Eins og að framan greinir, bera þeir það stefnandi og vitnið Sigurður Hallvarðsson, að þvottaskálin hafi verið stífluð af sandi og möl, og hefur því ekki verið mótmælt af hálfu stefnda. Orsök tjónsins, sem mál þetta er risið út af, verður því rakin til atburða, er gerðust í húseign stefnda, og telja verður, eins og málinu er háttað, að stefndi beri ábyrgð á. Það er álit réttarins, að bótakrafa stefnanda sé ekki of há, og verður hún því samkvæmt framanskráðu tekin til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er telst hæfilega metinn kr. 3.000.00.

Einar Oddsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Óskari Smith og Einari Sveinssyni.

Dómsorð:

Stefndi, Húseignin Laugavegur 105 h/f, greiði stefnanda, Gísla Gíslasyni, kr. 8.104.00 með 6% ársvöxtum frá 1/1 1959 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.